Upp er risin Krýsuvíkurkirkja

Ljóð eftir séra Gunnþór Þ. Ingason
ort í tilefni vígslu Krýsuvíkurkirkju

Upp er risin Krýsuvíkurkirkja,
Kristi vígð svo aftur ríki hans
fær hér skjól og akur til að yrkja,
en eldur hafði mikils loga og brands
eytt hinn fyrri og eldri helgidóminn.
Þar andblær gafst af fornri sögu og tíð
og áhrif trúar birtu helgan hljóminn
er hjörtu og sálir auðmjúk gerðu og blíð.

Nú er sem kalli og komi hingað nærri
kynslóðirnar fyrri hér úr sveit
að vitna og greina af kirkju sinni kærri
og kristnu lífi með sín fögru heit.
Er afhelguð var, enginn kirkju sinnti,
og árum saman nær í gleymsku hvarf.
Þá góður hirðir hér á Jesú minnti
og hlúði að sauðum líkt og gera þarf.

Loks endurbyggð var elsku með og hlýju,
og einlægri trú, krafti og miklum dug.
Kirkjan var þá vígð hér enn að nýju
að votta Guðs frelsandi kærleikshug.
Er trú og listin tóku höndum saman
tókst að glæða líf í Krýsuvík.
Í kirkju og Sveinssafninu gleði og gaman,
gerðu stefnumótin engu lík.

Kirkjan var sótt víða úr þessum heimi
og vakti trú með látleysi og smæð,
Og andi Guðs og englar voru á sveimi,
að örva skyn á bæði dýpt og hæð
og gildi þess, ef giftu menn um dreymi,
að geti opnað hreina trúaræð
í hjarta sér og nærst Krists sönnum seimi,
er segir; þjáðra kaun og meinir græð.

Allt var sem það hyrfi í heljar loga,
hvergi neitt af kirkjunni sást meir.
Brátt þó vonir vakti af upprisutoga
Vinafélag kirkju er stofnuðu þeir,
sem sárt til fundu sorgarbits og trega,
því söknuðu Guðshúss með sinni náð.
Að aftur reis það einkar fagurlega
Iðnskóla sé þökk, fyrir verk og ráð.

Árin hafa liðið, löng á stundum
en léttir er hve vel allt tókst þó til.
Margs þurfti að gæta á vinafélagsfundum,
og faglega eldri meta kirknaskil.
Smiðir hafa lokið völundsverki,
og vinir kirkju þakka og fagna í dag.
Þeir treysta því að Tækniskólinn merki,
að trúarverkið auki gengi og hag.

UPP ER RISIN KRÝSUVÍKURKIRKJA

Þjóðminjasafni þakkir færðar eru
þegar fagra kirkju hér má sjá,
mörg því voru efni er að því sneru
og ávallt stuðning þaðan var að fá.
Djúpar rætur land og lýði styrkja,
lífleg trú og ræktun þjóðararfs.
Því miklu varðar andans afl að virkja
og efla þrá til fórnfús lífs og starfs.

Vinafélags trausta stjórn og styrka
staðið hefur við sín glæstu mið.
Drift þess og hvatning fóru fljótt að virka
svo fjöldi veitti áformunum lið.
Guð blessi alla er komu að kirkjusmíði
og knúðir voru af elsku að gera vel.
Og launi svo að lífið áfram miði
til láns og gæfu fyrir trúarþel.

Að athvarf trúin eigi í Krýsuvíkum
og einnig list með sínum fagra brag,
og áfram stuðli að högum heillaríkum
er hjartans bæn og óskin bjarta í dag.
Og kirkjan til sín förufólkið laði
sem fylli margar gestabækur hér,
og þegar fari héðan burt úr hlaði
helgan anda finni í brjósti sér.

Sé gætt að farsæld, þjóðarheill og högum
helgast allt líf þarf Guðs elsku og náð,
svo gefi hann enn gæfu á nýjum dögum
er gæði lífsstríð þjóðar blessun og dáð.
Altarismyndin með sinn gylta boga,
minnir á svið er trúaraugu sjá.
Og Krýsuvíkurkirkja upprisin úr loga
kjarna lífs og trúar vísar á.

Séra Gunnþór Þ. Ingason hefur haft yfirumsjón með helgihaldi í Krýsuvíkurkirkju frá því að reglulegt kristnihald hófst í kirkjunni í kjölfar jarðarfarar Sveins Björnssonar, listmálara, 9. maí 1997. Séra Gunnþór orti ljóðið „Upp er risin Krýsuvíkurkirkja“ í tilefni af vígslu endurreistrar kirkju á hvítasunnudegi þann 5. júní 2022.

Hönnun: Erlendur Sveinsson
Ljósmynd: ©2022 Sigurjón Pétursson
Prentun: Ísafoldaprentsmiðja
© 2022 Gunnþór Þ. Ingason